



Er hrakspá Rasks að rætast?

Hugleiðingar um sótt og stafrænan dauða íslenskunnar

Eiríkur Rögnvaldsson,
á degi íslenskrar tungu 2012




Framtíðarspá Rasks

- Árið 1813 skrifaði Rasmus Kristján Rask:
 - „Annars þér einlægliga að segja held ég að íslenskan bráðum mun út af deyja; reikna ég að varla mun nokkur skilja hana í Reykjavík að 100 árum liðnum, en varla nokkur í landinu að öðrum 200 þar upp frá ef allt fer eins og hingað til og ekki verða rammar skorður við reistar; jafnvel hjá bestu mönnum er annað hvört orð á dönsku, hjá almúganum mun hún haldast við lengst.“
- Þessi spá er að verða 200 ára gömul
 - hefur hún ræst?



Könnun á stöðu 30 Evrópumála

- Gerð á vegum Evrópuverkefnisins **META**  **NET**
 - 70-80 síðna skýrsla (hvítbók) fyrir hvert mál
 - hver skýrsla tvímála — á viðkomandi máli og ensku
- Í skýrslunum er gerð grein fyrir
 - helstu einkennum og sérkennum hvers máls
 - málsamfélaginu og stöðu og hlutverki málsins í því
 - máltæknirannsóknnum og máltækniiðnaði í landinu
 - hlutverki máltækni (afurða og þjónustu) í landinu
 - stöðu máltækni í samanburði við önnur Evrópumál

THE ICELANDIC LANGUAGE IN THE DIGITAL AGE – ÍSLENSK TUNGA Á THE DIGITAL AGE ÖLD

STAFRÆNNI

Eiríkur Rögnvaldsson
Kristín M. Jóhannsdóttir
Sigrún Helgadóttir
Steinþór Steingrímsson





Sterk staða málsins

- Staða íslensku er að mörgu leyti sterk
 - sterkari en ýmissa mála sem fleiri tala
 - en eru „aukatungur“ þjóða
 - eða tungur minnihlutahópa í stærri þjóðfélögum
 - t.d. bretónska í Frakklandi, velska í Wales
- Slík mál eiga mjög í vök að verjast
 - vegna þess að notkunarsvið þeirra er takmarkað
 - málnotendur eiga val



Málið í samfélaginu

- Íslenska er notuð á öllum sviðum samfélagsins
 - í stjórnkerfinu
 - í menntakerfinu
 - í viðskiptalífinu
 - í fjölmiðlum
 - í öllum daglegum samskiptum fólks
- Þó eru blikur á lofti
 - vísbendingar um veikari stöðu málsins
 - námsefni á ensku á leið inn í grunnskólana



Erlent námsefni í íslenskum skólum?

Tilbúið námsefni.

██████████ kemur með fyrirfram uppsettu námsefni og er hægt að kaupa í áskrift námsefni sem t.d. hannað er út frá breskum námskrám fyrir leikskóla, grunnskóla og nemenda með sérþarfir. Í dag eru í námsefnispakkanum t.d. yfir 20 forrit sem fjalla m.a. um: hljóðfræði, bókstafi, byrjendastærðfræði, margföldunartöfluna, brotareikning, lita- og formpúslur, hljóðfæri, myndbönd, tónlist og rafbækur. Stöðugt bætist nýtt námsefni við fyrir ██████████

Innbyggð vefverslun.

██████████ býður ekki einungis upp á uppsett námsefni heldur hefur hún t.d. námskrátengda vefverslun með hundruðum verkefna fyrir allar helstu námsgreinar á Bretlandi og víðar. Ertu að leita að rafbók eða verkefni til að hjálpa 7-11 ára nemendum að ná tókum á brotareikningi með tugum? Eða verkefni í læsi fyrir 5-7 ára nemendur? Notaðu vefverslunina og leitaðu eftir námsgrein, viðfangsefni, skólastigi eða aldri og finndu það sem þú þarfnast. Skoðaðu skjámyndir og upplýsingar um verkefnið, kaupu það út á reikning skólans, halaðu því niður og dreifðu því til allra ██████████ notenda skólans með vefstjórnngáttinni Þetta er svona einfalt!



Mat á stöðu máltækni

- Lagt var mat á stöðu hvers máls á sviði
 - talvinnslu (talgevingar og talgreiningar)
 - vélþýðinga
 - textagreiningar (mörkunar, þáttunar o.fl.)
 - málfanga (orðasafna, málheilda, trjábanka o.fl.)
- Gefnar voru einkunnir fyrir hvern þátt
 - frá 0 upp í 6
- Síðan var málunum raðað í fimm klasa
 - eftir einkunnum í þessum fjórum þáttum



META-NET White Paper Series: Press Release

- > [Overview and List of Volumes](#)
- > [Quotes and Testimonials](#)
- > [Authors and Contributors](#)
- > [Key Results](#)
- > **[Press Release](#)**
- > [Press Coverage](#)
- > [The Team Behind the Series](#)

Available Translations:

(International version)

- | | | | | |
|-------------|------------|--------------------|--------------|------------|
| ▪ Basque | ▪ Dutch | ▪ German | ▪ Latvian | ▪ Romanian |
| ▪ Bulgarian | ▪ English | ▪ Greek | ▪ Lithuanian | ▪ Serbian |
| ▪ Catalan | ▪ Estonian | ▪ Hungarian | ▪ Maltese | ▪ Slovak |
| ▪ Croatian | ▪ Finnish | ▪ Icelandic | ▪ Norwegian | ▪ Slovene |
| ▪ Czech | ▪ French | ▪ Italian | ▪ Polish | ▪ Spanish |
| ▪ Danish | ▪ Galician | ▪ Irish | ▪ Portuguese | ▪ Swedish |

Að minnsta kosti 21 Evrópumál á stafrænan dauða á hættu

Rannsókn gerð af fremstu máltæknisérfræðingum Evrópu bendir til að flest Evrópumál, þar á meðal íslenska, séu í útrýmingarhættu á stafrænni öld

Flest Evrópumál, þar á meðal íslenska, eiga á hættu stafrænan dauða samkvæmt nýrri rannsókn fremstu sérfræðinga Evrópu á sviði máltækni. Sérfræðingarnir lögðu mat á stöðu máltækni fyrir 30 af um 80 tungumálum álfunnar og komust að þeirri niðurstöðu að stafrænn stuðningur við 21 af þessum 30 málum væri lítill sem enginn. Rannsóknin var gerð á vegum META-NET, evrópsks öndvegisnets sem tekur til 60 rannsóknarsetra í 34 löndum, þ. á m. Íslandi.

Rannsóknin var unnin af meira en 200 sérfræðingum og niðurstöðurnar birtar í Hvítbókaröð META-NET, 30 binda ritsafni sem er bæði prentað og á netinu. Mat var lagt á máltæknistuðning við sérhvert tungumál á fjórum mismunandi sviðum, sem eru vélþýðingar, talsamskipti, textagreining og aðgengi að mállegum gagnasöfnum. Að mati sérfræðinganna fellur 21 af þessum 30 tungumálum (70%) í neðsta flokk, þar sem er „lítill sem enginn stuðningur“, á a.m.k. einu af þessum sviðum. Nokkur tungumál, m.a. íslenska, en einnig lettneska, litháíska og maltneska, fá þessa einkunn á öllum sviðunum fjórum. Íslenska lenti reyndar í næstneðsta sæti af málunum 30 – aðeins maltneska stendur verr að vígi. Ekkert tungumálanna var talið njóta „afbúðagóðs stuðnings“, og aðeins enska taldist hafa „góðan stuðning“. Þar á eftir komu tungumál eins og franska, hollenska, ítalska, spænska og þýska með „sæmilegan stuðning“. Tungumál eins og baskneska, búlgarska, gríska, katalónska, pólska og ungverska njóta „brotakennds stuðnings“, og lenda því í áhættuhópi.




Niðurstöður rannsóknarinnar

- 2/3 tungumálanna (21 af 30) eru í hættu
 - ná ekki að fylgja hraðri þróun tölvutækninnar
 - verða því ekki nothæf á mikilvægum sviðum þjóðlífsins í náinni framtíð ef svo fer sem horfir
- Vitundarvakning er nauðsynleg
 - til að vekja athygli stjórnvalda og almennings á þeirri hættu sem tungumálin standa frammi fyrir
 - og benda á möguleika máltækni til að auðvelda samskipti þjóða, og milli manns og tölvu



Íslenska og grannmálin





Meginmarkmið í íslenskri málstefnu

- Að íslensk tunga verði nothæf – og notuð – á öllum þeim sviðum innan tölvu- og upplýsingatækninnar sem varða daglegt líf alls almennings
 - Þetta merkir í fyrsta lagi að viðmót algengs hugbúnaðar þarf að vera íslenskt; í öðru lagi að til þarf að vera ýmiss konar hugbúnaður sem liðsinnir og leiðbeinir notendum við notkun íslensks máls; og í þriðja lagi að unnt á að vera að nota íslensku sem samskiptamál við ýmiss konar tölvu- og tæknibúnað



Þrengt notkunar svið íslensku

- Hvað ef íslenskan yrði ekki gjaldgeng
 - á sviði sem væri mikilvægt í daglegu lífi almennings?
- Hvað ef hún yrði ekki nothæf
 - til að tala og skrifa um áhugamál ungs fólks
 - í nýsköpun á sviði bókmennta og lista
 - í nýrri tækni og öðru sem væri nýtt og spennandi
 - á öðrum sviðum þar sem nýsköpun ætti sér stað
 - og þar sem ný atvinnutækifæri byðust?



Tungumál í hættu

- Við þær aðstæður hæfist dauðastríð íslensku
 - móðurmálið yrði víkjandi
 - aðeins hæft til heimabróks
 - en ekki til neinna alvarlegra hluta
- Ungt fólk sæi þá ekki tilgang í að læra málið
 - en legði áherslu á að tileinka sér enskuna sem best
- Því er nauðsynlegt að vera vel á verði
 - og koma í veg fyrir umdæmistap íslenskunnar



Ný tækni er handan við hornið

- Gerbylting í samskiptum er á næsta leiti
 - tilraunir eru í gangi með þýðingu talmáls í rauntíma
- Ef við fylgjumst ekki með erum við illa stödd
 - eins og auðvelt er að sýna fram á
- En ýmsir áfangar hafa náðst upp á síðkastið
 - Nýr íslenskur talgervill er kominn á markaðinn
 - Nýr talgreinir fyrir íslensku er kominn í snjallsíma
 - Nýtt leiðréttingaforrit er á leiðinni



Gerum kröfur!

- Allt veltur á málnotendum
 - hafa þeir metnað fyrir sína hönd og móðurmálsins?
- Þetta snýst ekki bara um málvernd
 - einnig um jafnrétti og mannréttindi
- Ætlumst til að geta notað íslensku á Íslandi
 - innan tölvutækninnar og í samskiptum við tölvurnar
 - og alls staðar annars staðar
- Allt annað er uppgjöf



Ályktanir skýrslunnar

- Íslenska er ekki í bráðri hættu, þrátt fyrir yfirburði enskunnar í máltækni og tölvumálvísindum.
- Á hinn bóginn gæti staðan gerbreyst á svipstundu þegar ný kynslóð tækninnar fer fyrir alvöru að ráða við mannlegt mál á skilvirkan hátt.
- Eigi íslenska að vera lífvænleg þjóðtunga í þróuðum heimi verður hún að geta staðið undir kröfum upplýsingatækninnar.
- Fjárfesting í máltækni verður því að vera grunnþáttur í framkvæmd íslenskrar málstefnu.